

A large, light blue, stylized 'VR' logo is centered on the page. The letters are bold and have a slight 3D effect. The 'V' is on the left and the 'R' is on the right, both rendered in a light blue color that matches the background.



VR 2017

Umbrot/útlit: Tómas Bolli Hafþórsson

Prentun: Oddi ehf.


Félagið í hnotskurn	4		
Ávarp formanns	6		
Stjórn VR starfsárið 2016 - 2017	6		
Kjarasamningar	7		
Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði	7		
Aðrir kjarasamningar	7		
Kjaramál	8		
Dómsmál	8		
Efnahagsyfirlit VR	8		
Ráðgjöf	9		
Atvinnuráðgjöf	9		
VIRK starfsendurhæfingarsjóður	9		
Sjúkrasjóður	10		
Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR	10		
Breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR	10		
Sjúkradagpeningar	10		
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2016 – 2017	10		
Fræðslumál	11		
Starfsmenntamál	11		
Stjórnir starfsmenntasjóða starfsárið 2016 – 2017	11		
VR-Skóli lífsins	11		
Fyrirlestrar og námskeið	11		
Orlofsmál	12		
Átak í fjölgun orlofshúsa	12		
Nýtt hús í Miðhúsaskógi	12		
Orlofshús VR 2015 og 2016	12		
Afsláttarmiðar og kort	12		
Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2016 – 2017	12		
Jafnréttismál	13		
Kvennafrídagurinn 2016	13		
Jafnlaunavottun VR	13		
Kynjabókhalda VR 2016	13		
Ályktanir og fundir, nefndir	14		
Ályktun stjórnar VR vegna upplýsinga um íslensk félög í skattaskjólum	14		
Ályktun stjórnar VR vegna úrskurðar kjararáðs um laun ráðherra, alþingismanna og forseta Íslands	14		
Yfirlýsing formanns VR vegna umræðu um launakjör framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og tilmæli stjórnar VR	14		
Yfirlýsing frá launanefnd VR vegna umræðu um launakjör formanns félagsins	14		
Fundir starfsárið 2016 – 2017	14		
Nefndir og stjórnir starfsárið 2016 - 2017	14		
Erlend samskipti	15		
Önnur starfsemi	16		
VR varasjóður	16		
Starfsemi þjónustudeildar	16		
Rannsóknir og kannanir	16		
Útgáfu- og kynningarmál	16		
Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa VR vinnur mál gegn ríkinu vegna breytinga á atvinnuleysisstryggingum	16		
Félagsmál	17		
Skipulag skrifstofu	18		
Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. mars 2017	18		
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2016	19		
Trúnaðarráð	19		
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	19		
Ársreikningur 2016	20		
Skýrsla stjórnar	20		
Áritanir	21		
Rekstrarreikningur 2016	23		
Efnahagsreikningur 31. desember 2016	24		
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016	25		
Rekstrarreikningur ársins 2016	26		
Efnahagsreikningur 31. desember 2016	27		
Skýringar	28		

FÉLAGIÐ Í HNOTSKURN

Almenn starfsemi og þjónusta 2015-2016

	2016	2015
Fjöldi félagsmanna	32.813	31.203
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.608	1.547
Starfsmennta- og tólmundastyrkir, fjöldi félagsm.	6.311	6.612
Styrkir úr VR varasjóði, fjöldi félagsmanna	14.248	14.570
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði	1.083	1.098
Fjöldi nýskráðra í þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR	290	331
Nýting orlofshúsa, fjöldi útleiga	3.769	3.715


Þróun Kaupmáttarvísitölu VR




Lykiltölur VR 2016

	2016
Félagsgjöld	1.131.346.615
Sjúkrasjóðsiðgjöld	1.606.464.740
Orlofssjóðsiðgjöld	393.036.143
Leiga orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta	219.233.732
Aðrar tekjur	165.996.584
Samtals tekjur	3.516.077.814
Bætur og styrkir	1.022.800.661
Greiðsla úr varasjóði	492.976.529
Rekstrargjöld	1.472.602.942
Samtals gjöld, bætur og styrkir	2.988.380.132
Fjármagnsliðir	247.095.241
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	774.792.923


Heildarfjöldi kjaramála




Greiðslur úr VR varasjóði 2016




Atvinnuleysi félagsmanna í nóvember ár hvert




Breyting á launavísitölu VR milli ára




Fjöldi félagsmanna




Greiðslur úr Sjúkrasjóði VR, fjöldi pr. 1.000 félagsm.




Mínar síður á vr.is



Kynjabókhald VR 2016



Fjöldi VR félaga í þjónustu hjá Virk



ÁVARP FORMANNS

VR hefur stækkað mikið á síðustu árum. Á milli árunna 2015 og 2016 fjölgaði félagsmönnum um rúmlega 5% en á síðustu tveimur áratugum hefur fjöldi félagsmanna meira en tvöfaldast. Árið 1996 voru félagsmenn VR um fjórtán þúsund en voru tæplega 33 þúsund í lok árs 2016. Á þessum tíma hefur VR sameinast fimm verslunarmannafélögum og fyrir aðalfundi í ár liggur tillaga um sameiningu við það sjötta, Verslunarmannafélag Suðurlands. VR-félagar eru því víða um land og gegna fjölbreyttum störfum í mörgum atvinnugreinum. VR er fjölmennasta stéttarfélag landsins og styrkur þess er óumdeildur.

Þjónusta við félagsmenn hefur óhjákvæmilega tekið breytingum í takt við stækkun félagsins. Sjóðir þess standa styrkum fótum og við erum sífellt að leita leiða til að efla þjónustuna. Stjórn félagsins tók þá ákvörðun á starfsárinu að færa fimm hundruð milljónir króna úr félagsjóði í Orlofsjóð til að standa straum af viðamikilli uppbyggingu í orlofsmálum á næstu fimm árum. Framboð orlofshúsa og –íbúða hefur ekki haldist í hendur við fjölgun félagsmanna og löngu tímabært að ráðast í átak á þeim vettvangi. Nú þegar hafa verið keypt tíu af þeim tuttugu húsum sem fyrirhugað er að bæta við orlofshúsakost VR, þar af þrjár glæsilegar íbúðir í miðbæ Akureyrar. Við finnum fyrir vaxandi áhuga á orlofskostum VR, hvort sem er orlofshús eða afsláttarkort af ýmsu tagi, og er mikilvægt að bregðast við því.

Hvað Sjúkrasjóð félagsins varðar hefur greiðsla sjúkradagpeninga aukist um 37% frá árinu 2006, að teknu tilliti til þróunar launa. Mikil aukning geðsjúkdóma og krabbameins er þar stærsti orsakavaldurinn. Það er hlutverk okkar að koma til móts við þarfir félagsmanna okkar, hvort sem þeir eru á vinnumarkaði eða glíma við veikindi. Öflugur sjúkrasjóður er grundvöllur að slíkri þjónustu sem og ráðgjöf og endurhæfing á vegum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs sem fyrir löngu hefur sannað mikilvægi sitt.

Kjaramálin eru hjarta félagsins, eins og við höfum ítrekað bent á, og starfið byggir á þeim málaflokki. Í upphafi þessa árs fundaði trúnaðar-ráð VR tvívegis í aðdraganda endurskoðunar kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði en þá var ljóst að ein af þremur forsendum samninganna hafði brostið. Niðurstaða ráðsins var að veita formanni

umboð til að vinna að lausn í málinu. Það var svo sameiginleg ákvörðun Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins að segja samningum ekki upp, heldur fresta viðbrögðum við forsendubrestinum um eitt ár.

Þjónusta VR á vettvangi kjaramála er þannig mikilvægasta verkefni okkar og hlutverk. Til kjaramálasviðs félagsins á árinu 2016 komu 1.608 mál auk ríflega 120 mála vegna atvinnuleyfa til erlendra starfsmanna. Málin hafa ekki verið svona mörg frá því skömmu eftir hrun. Ástæðan nú er hins vegar önnur, aukin spenna á vinnumarkaði og hreyfing hefur ætíð í för með sér fleiri mál sem koma til kasta sérfræðinga okkar á þessu sviði. Aukinn kraftur hefur verið settur í átak verkalyðshreyfingarinnar **Einn réttur – ekkert svindl** sem beint er gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi.

Ekki er hægt að skilja við kjaramálin án þess að fjalla um stöðu kynjanna á vinnumarkaði. VR hefur barist fyrir jafnrétti á vinnumarkaði áratugum saman, m.a. með Jafnlaunavottun félagsins sem kynnt var fyrir fjórum árum. Það er því afar ánægjulegt að sjá aukna áherslu á þessi mál á síðustu misserum, bæði hjá stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins. Við vonumst til þess að áform um innleiðingu jafnlaunastaðals hjá fyrirtækjum og stofnunum fái brautargengi.

Launahækkunar á árinu og fjölgun félagsmanna hafa skilað félaginu ávinningi, rekstrartekjur umfram rekstrargjöld voru 528 milljónir króna á árinu 2016 samanborið við 234 milljónir á árinu 2015. Afkoman er þannig góð og rík ástæða til að félagsmenn njóti þess. Ákveðið hefur verið að hækka framlag í VR varasjóð umtalsvert milli ára, í 785 milljónir króna en á síðasta ári nam það 550 milljónum króna. Til viðbótar þessu framlagi verður aukaframlag vegna ársins 2015 að upphæð rúmlega sjö milljónir króna. Í fyrsta skipti verður félagsjóður nýttur til að efla VR varasjóð. Þessi tillaga verður lögð fram á aðalfundi fyrir árið 2017.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR



Í efri röð frá vinstri eru Harpa Sævarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Ólafía B. Rafnsdóttir, Birgir Már Guðmundsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Ólafur Reimar Gunnarsson. Í fremri röð frá vinstri eru Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Sigurður Sigfússon, Harpa Ingólfssdóttir og Dóra Magnúsdóttir. Á myndina vantar Benóný Val Jakobsson, Kristjónu Þorbjörgu Jónsdóttur, Pál Örn Líndal og Sigmund Halldórsson.

STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2016 - 2017

Ólafía B. Rafnsdóttir formaður
Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður
Benóný Valur Jakobsson ritari

Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Varamenn: Ólafur Reimar Gunnarsson, Harpa Sævarsdóttir og Sigmundur Halldórsson.

KJARASAMNINGAR Á ALMENNUM VINNUMARKAÐI

Forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði komu til skoðunar í forsendunefnd í febrúar 2017, eins og ákvæði samninganna kváðu á um. Niðurstaða nefndarinnar var að ein af þremur forsendum samninganna hafi brostið. Það var engu að síður sameiginleg ákvörðun Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins að segja kjarasamningum ekki upp heldur fresta viðbrögðum vegna forsendubrestsins þar til í febrúar 2018.

Forsenda um launapróun brast

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninganna átti forsendunefnd að skila mati í lok febrúar á því hvort forsendur samninganna hafi staðist. Forsendur kjarasamninganna eru þrjár:

1. Fjármögnun stjórnvalda á stofnframlögum ríkisins til 2.300 almennra íbúða á árunum 2016–2019 eða að hámarki 600 á ári.
2. Að sú launastefna og þær launahækkningar sem í samningunum fólust hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra á vinnumarkaði.
3. Aukinn kaupmáttur á samningstímanum.

Niðurstaða nefndarinnar var að forsendur um húsnæðismál og kaupmátt launa hafi staðist en að forsendan um launapróun annarra hópa hafi brostið. Launahækkningar í kjarasamningum Félags grunnskólakennara frá nóvember 2016 og Félags tónlistarkennara frá janúar 2017 hafi verið meiri en felast í launastefnu rammksamkomulagsins sem ASÍ, BSRB, Samtök atvinnulífsins, ríkið, Samband sveitarfélaga og Reykjavíkurborg undirrituðu í október 2015. Það var mat samninganefndar ASÍ og framkvæmdastjórnar SA að þessi forsendubrestur heimilaði uppsögn kjarasamninga aðila.

Viðbrögðum frestað um eitt ár

Í forsendum kjarasamninganna segir að verði forsendubrestur skuli leita samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiða samningsins, treysta forsendur hans og vinna að því að hann haldi gildi sínu. Trúnaðarráð VR fundaði um stöðuna þegar forsendubresturinn lá fyrir og veitti formanni félagsins umboð til að vinna áfram að því að leita lausna.

Þann 28. febrúar 2017 lá fyrir niðurstaða samninganefndar ASÍ og framkvæmdastjórnar SA um að fresta viðbrögðum við forsendubrestinum. Í sameiginlegri yfirlýsingu aðila segir:

„Á árinu 2017 kemur fjöldi kjarasamninga til endurnýjunar. Rúmist niðurstaða þeirra innan launastefnu rammksamkomulagsins fellur niður sú uppsagnarheimild sem nú er frestað. Í því felst að aðrir samningsaðilar á vinnumarkaði muni fallast á að launaliðir síðustu kjarasamninga FG [Félags grunnskólakennara] og FT [Félags tónlistarskólakennara] skapi ekki fordæmi fyrir hækkningar hjá öðrum. Gangi það ekki eftir, að mati forsendunefndar, hefur samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ heimild til að segja upp kjarasamningum aðila, enda sé það gert fyrir kl. 16:00 þann 28. febrúar 2018 og tekur sú uppsögn þá þegar gildi.“

Úrskurðum kjararáðs mótmælt

Úrskurðir kjararáðs síðustu misseri voru mikið til umræðu í tengslum við endurskoðun samninganna. Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins sendu frá sér yfirlýsingu þann 28. febrúar, þegar tilkynnt var um að samningum yrði ekki sagt upp, þar sem fjallað var um áhrif úrskurðar ráðsins á árinu 2016 á stöðuna á viðræðum um nýtt samningalíkan á

Íslenskum vinnumarkaði en þær viðræður liggja nú niðri.

Í yfirlýsinguinni segir að frá árinu 2013 hafi þrisvar sinnum verið reynt að fara nýjar leiðir í kjarasamningagerðinni en þróun kjarasamninga á opinbera vinnumarkaðnum hafi gert þær tilraunir að engu. Þá hafi úrskurðir kjararáðs um laun kjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna og forstjóra ríkisstofnana gengið þvert á þá launastefnu sem móttast hafi í kjarasamningum. Í yfirlýsinguinni segir:

„Það er [...] sameiginlegt mat ASÍ og SA að forsenda þess að unnt verði að taka á ný upp vinnu við mótnun nýs samningalíkans sé að laun kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna verði breytt frá ákvörðun kjararáðs á árinu 2016 og þróist á grundvelli sömu launastefnu og mótuð var með rammksamkomulaginu með tilvísun í nóvember 2013 sem grunnviðmiðun.“

AÐRIR KJARASAMNINGAR

Í apríl 2016 var samþykkt í atkvæðagreiðslu miðlunartillaga ríkissáttasemjara í kjaradeilu starfsmanna álfers Rio Tinto í Straumsvík. Á kjörskrár voru 330. Alls greiddu 282 atkvæði eða 85,45%. Já sögðu 173 eða 61,35% en nei sögðu 105 eða 37,23%. Auðir seðlar voru fjórir. Nýr kjarasamningur gildir fram á vor 2019.



KJARAMÁL

Mál sem komu inn á kjaramálasvið VR á árinu 2016 voru samtals 1.608 samanborið við 1.547 árið áður. Aukningin milli ára er um 4%. Ef talin eru með veitt atvinnuleyfi fyrir erlenda starfsmenn á árinu 2016 er málafrjöldinn alls 1.730 en atvinnuleyfi voru fyrst talin með í málafrjöldi sviðsins á síðasta ári. Mikil aukning hefur verið í veitingu atvinnuleyfa fyrir erlenda starfsmenn.

Fjöldi kjaramála hefur aukist jafnt og þétt frá 2011 og eru líkur á að enn hafi toppnum ekki verið náð. Aukin spenna virðist vera að myndast á vinnumarkaði þar sem vöntun er á vinnuafli. Að undanförunu hafa birst fréttir um að erlendar verslunarkeðjur séu að koma inn á markaðinn og mun það yta undir þá spennu. Öll merki eru því um að laun verslunarfólks geti hækkað og fjölbreytni starfa aukist.

Á árinu 2016 var bætt verulega í áttak Alþýðusambands Íslands **Einn réttur – ekkert svindl!** sem beint er gegn undirboðum á vinnu- markaði og svartri atvinnustarfsemi. Ráðinn var starfsmaður í 60% starf vegna þessa átaks og hefur það skilað sér í auknu eftirliti á höfuðborgarsvæðinu. Auk stéttarféлага koma að verkefninu aðilar frá Ríkisskattstjóra, Vinnuálastofnun o.fl.

FJÖLDI MÁLA Í VINNSLU

Um áramótin 2016 – 2017 var VR með 138 mál í vinnslu, þar voru 73 hjá lögmanni félagsins. Af þessum 138 málum voru 95 vegna ársins 2016, 31 vegna ársins 2015, 10 frá árinu 2014 og síðan tvö þaðan af eldri.

Árið 2016 var nokkuð hefðbundið, flest málanna sneru að starfslokum og uppgjörum vegna þeirra. Auk þess má nefna mál sem tengjast orlofi og fyrningu orlofs. Slík mál hafa verið í sviðsljósinu þar sem dómar hafa fallið í þá átt að óheimilt sé að flytja orlof milli orlofsára. Það skiptir því miklu máli að starfsmenn og vinnuveitendur komi sér saman um töku orlofs og að orlofsdagar séu teknir innan hvers orlofs- árs en ekki geymdir.

Einnig hafa dómstólar gefið mun skýrari merki en áður í úrskurðum sínum að tómlæti af hálfu starfsmanna kunni að leiða til réttindamissis. Með tómlæti er átt við þegar starfsmenn gæta ekki að þeim rétti sem þeir kunna að eiga skv. kjarasamningi eða ráðningarsamningi. Það skiptir því miklu máli að starfsmenn hugi vel að rétti sínum og geri athugasemdir telji þeir á sér brotið. Að draga það að gera athugasemdir getur leitt til þess að réttur sem starfsmaðurinn átti falli niður vegna tómlætis. Það virðist vera nokkuð algengt að starfsmenn geri ekki athugasemdir við það sem þeir telja brot á sínum kjörum fyrr en eftir að þeir hafa lokið störfum, en þá kann það að vera of seint.

DÓMSMÁL

Á hverju ári fara nokkur mál sem berast til félagsins fyrir dómstóla þar sem ekki fæst lausn þeirra með öðrum hætti. Hér að neðan er farið yfir helstu atriði tveggja mála sem tekist var á um í réttarsölum á árinu.

Vorið 2016 var tekist á um laun fyrir yfirvinnu. Félagsmaður VR starfaði hjá fyrirtæki einu í rúmum á áður en hann sagði upp störfum. Við yfirferð á launaseðlum kom í ljós að hann hafði ekki fengið greidd laun fyrir yfirvinnu umfram vinnuskyldu, um 450 stundir. VR gerði kröfu um laun fyrir þessa tíma auk orlofs. Svar fyrirtækisins var að samið hafi verið um föst laun sem fælu í sér dagvinnu, eftirvinnu og yfirvinnu. Laun hafi verið yfir lágmarkskjörum og ber fyrirtækið því við að félagsmaðurinn


hafi sýnt tómlæti þegar hann hafi ekki gert kröfu um laun fyrir yfirvinnu um hver mánaðamót. Í dómnum er hins vegar vísað til þess að fyrirtækið hafi vanrækt að gera ráðningarsamning eins og því beri skylda til, og beri hallann af því. Alls óljóst sé hvort félagsmanninum hafi verið sagt að yfirvinna væri hluti fastra mánaðarlauna og að gögnin styðji framburð félagsmannsins um að svo hafi ekki verið. Kröfu um að félagsmaðurinn hafi fyrirgert rétti sínum með tómlæti er hafnað á þeirri forsendu að félagsmaðurinn hafi talið sig geta tekið frí á móti unninni yfirvinnu og að ógreidd yfirvinna yrði gerð upp við starfslok, eins og fram kemur í tölvupósti sem hann sendi til fyrirtækisins fyrir starfslok sín. Fyrirtækinu er gert að greiða laun fyrir yfirvinnu og málskostnað.

Seint á árinu 2016 var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness mál félagsmanns VR vegna vangaldinna launa í uppsagnarfresti en atvinnurekandinn bar því við að félagsmaðurinn hafi gerst brotlegur í starfi. Félagsmaðurinn var annar tveggja eigenda annars fyrirtækis en sagði atvinnurekanda sinn hafa vitað af því og að hann hafi hætt öllum afskiptum af fyrirtækinu þegar hann réði sig til starfa. Auk þess hafi starfsemi þess fyrirtækis ekki verið í samkeppni við fyrirtæki vinnuveitandans. Vinnuveitandinn hélt því fram að félagsmaðurinn hafi bæði nýtt aðstöðu sína í vinnunni og upplýsingar úr rekstri fyrirtækisins í þágu eigin fyrirtækis sem að auki væri í samkeppni við fyrirtæki vinnuveitandans. Honum hafi verið veittar áminningar áður en til uppsagnar kom en félagsmaðurinn vísaði því á bug. Í dómnum sagði að fyrirtækið hafi ekki sýnt fram á að rekstur þess fyrirtækis sem félagsmaðurinn var eigandi að hafi verið í samkeppni við vinnuveitanda hans né að félagsmaðurinn hafi nýtt sér aðstöðu sína í eigin þágu eða valdið vinnuveitanda sínum tjóni. Ekkert benti til þess að hann hafi stórlega brotið af sér í starfi. Fyrirtækinu var gert að greiða honum laun í uppsagnarfresti og allan málskostnað.

EFNAHAGSYFIRLIT VR

VR hefur frá lokum árs 2015 gefið út og birt opinberlega á vefsíðu sinni Efnahagsyfirlit VR en það er unnið af starfsmönnum félagsins og gefið út í tengslum við mánaðarlega fundi stjórnar félagsins. Í yfirlitinu er fjallað um helstu lykiltölur íslensks efnahagslífs, stöðuna og spár fyrir næstu misseri.

Fjöldi kjaramála 2016





217

Útskrifaðir einstaklingar hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR á árinu 2016.

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

VIRK starfsendurhæfingarsjóður byggir á samkomulagi í kjarasamningum frá árinu 2008 um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar. Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Í dag starfa átta starfsendurhæfingarráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þjónustu við félagsmenn sem veikjast eða slasast þannig að vinnugeta þeirra skerðist. Um er að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma eða mjög tíðar skammtímafjarvistir vegna heilsubrests af andlegum eða líkamlegum toga. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir. Á haustmánuðum árið 2016 var ráðinn til starfa hjá félaginu níundi ráðgjafinn sem vinnur sérstaklega að atvinnumálum og því að tryggja einstaklingum sem eru í starfsendurhæfingu farsæla endurkomu til vinnu.


ATVINNURÁÐGJÖF

VR hefur ávallt lagt áherslu á að veita félagsmönnum sínum aðstoð og þjónustu hvort sem þeir eru í veikindum, í vinnu eða atvinnulausir. Þegar tímabundnu samstarfsverkefni á vinnumarkaði um þjónustu við atvinnuleitendur, undir heitinu **STARF - vinnumiðlun og ráðgjöf**, lauk árið 2015 ákvað VR að halda áfram þjónustu við atvinnuleitendur í félaginu. Í dag er einn atvinnuráðgjafi starfandi hjá félaginu og er lögð áhersla á að veita hvatningu, stuðning og ráðgjöf við atvinnuleitina svo sem við gerð ferilskráar og undirbúning fyrir viðtöl. Auk þess leiðbeinir ráðgjafinn atvinnuleitendum um allt sem varðar atvinnuleysisbótakerfið. Nú er einnig lögð aukin áhersla á samstarf við starfsendurhæfingarráðgjafa félagsins og sérfræðinga á kjaramálasviði.


Hvatning og stuðningur

Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði í samráði við teymi sérfræðinga og bjóða fjölda úrræða á borð við sjúkrapjálfun, sálfræðiviðtöl, sjálfstyrkjandi námskeið, heilsurækt með faglegum stuðningi og starfsendurhæfingarstöðvar. Þeir starfa í samstarfi við lækna, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum. Á árinu 2016 voru 290 einstaklingar nýskráðir hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 217 útskrifaðir. Frá árinu 2009 til loka árs 2016 sóttu 1.687 einstaklingar til ráðgjafa VIRK hjá VR og 928 hafa útskrifast. Á grafinu má sjá að um sex af hverjum tíu hafa öðlast starfsgetu og eru færir um að snúa aftur á vinnumarkað eftir að hafa sótt aðstoð og þjónustu VIRK hjá VR.

Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR 2016



Framfærslustaða félagsm. í lok þjónustu VIRK 2016



SJÚKRASJÓÐUR

STYRKVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI VR


Varðandi tekjur árið 2016 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR

	2016		2015	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Sjúkra- og dagpeningar	918	946.086.172	895	894.568.820
Dánarbætur	101	39.221.983	100	39.896.330
Örorkubætur	15	23.888.563	24	23.047.413
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	78	12.811.996	91	14.308.215
Bætur og styrkir til félagsmanna samtals*	1.083	1.022.008.714	1.098	971.820.778
Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga		11.627.399		13.278.611

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka

Þróun greiðslu sjúkradagpeninga VR 2007 – 2016



37,1%

Aukning greiðslna sjúkradagpeninga frá árinu 2006, að teknu tilliti til þróunar launa.

BREYTINGAR Á REGLUGERÐ SJÚKRASJÓÐS VR


Á aðalfundi VR þann 29. mars 2016 voru samþykktar breytingar á gr. 9.5 og gr. 17 í reglugerð Sjúkrasjóðs VR. Breytingar á gr. 9.5 sneru m.a. að orðalagsbreytingu til samræmis við samþykkt síðasta aðalfundar. Breyting á gr. 17 var til að samræma reglugerðina viðmiðunarreglum ASÍ fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaganna um ávinnslutíma bótaréttar. Í gr. 17 segir nú að við þriðja brot á reglum Sjúkrasjóðs VR verði bótaréttur ekki til aftur fyrr en eftir sex mánuði í stað níu eins og reglugerðin kvað á um fyrir breytinguna.

Reglugerðina má sjá í heild sinni á www.vr.is.

SJÚKRADAGPENINGAR

Greiðsla sjúkradagpeninga hefur aukist um 37,1% frá árinu 2006, að teknu tilliti til þróunar launa. Þetta má helst rekja til aukningar geðraskana, sem nam 141,1% á tímabilinu, og krabbameins en þar var aukningin 52,2%.

Skipting sjúkradagpeninga 2016



FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2016 – 2017

Rannveig Sigurðardóttir formaður, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir og Páll Örn Líndal.

Varamenn: Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Ólafur Reimar Gunnarsson.



Á myndinni eru frá vinstri Rannveig Sigurðardóttir, Páll Örn Líndal, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Birgir Már Guðmundsson og Dóra Magnúsdóttir.



STARFSMENNTAMÁL

Á árinu 2016 voru greiddar rúmlega 374 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna VR úr starfsmenntasjóðum samanborið við tæplega 365 milljónir króna árið áður. Aukning milli ára er um 2,6%. Umsóknir árið 2016 voru alls 7.553 sem er fækkun frá árinu áður þegar þær voru 8.279. Alls fengu 6.311 félagsmenn styrki á árinu 2016 en árið 2015 voru þeir 6.612.

Starfsmenntanefnd VR

Starfsmenntanefnd VR var stofnuð árið 2013 en meðal verkefna hennar frá þeim tíma hefur verið að vinna að hæfnigreiningu starfa í verslun. Á starfsárinu var lokið við að hæfnigreina stjórnunarstörf en áður var búið að greina störf í framlínunni. Nú er því komin heildarmynd af störfum í verslun, allt frá almennum afgreiðslustörfum til stjórnunar verslana. Niðurstaðan hefur verið nýtt í að þróa fagháskólanám í verslun og þjónustu en vonir standa til að það verði sett í prófanir veturinn 2017 til 2018.

Starfsmenntasjóði

Nýjar reglur hafa verið innleiddar að fullu hjá Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og Starfsmenntasjóði verslunarinnar (SV). Ákvæði í reglum um uppsafnaðan styrk var tekið í notkun á árinu 2016. Í því felst að ef félagsmaður hefur ekki nýtt starfsmenntastyrk sinn í þrjú ár samfelld hefur hann kost á því sækja um styrk að upphæð 270 þúsund krónur fyrir einu samfelldu námi. Á árinu sótti 461 félagsmaður um og fékk 3ja ára uppsafnaðan styrk greiddan.

Lykiltölur úr ársreikningum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Áætlaðar tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks árið 2016 voru um 607 milljónir króna og gjöld um 462 milljónir króna. Áætlað eigið fé sjóðsins var tæplega 754 milljónir króna í lok árs 2016. Áætlaðar tekjur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar árið 2016 voru rúmlega 38,5 milljónir króna og gjöld um 29 milljónir króna. Áætlað eigið fé sjóðsins var rúmlega 145 milljónir í lok árs 2016.

Fræðslustjóri að láni

Aðsókn að verkefninu **Fræðslustjóri að láni** jókst mikið á árinu 2016 og tóku 32 fyrirtæki þátt samanborið við 18 árið 2015. Fræðslustjóri að láni er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan

í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Jafnframt vinnur hann að mótun fræðsluáætlunar til eins eða tveggja ára í senn.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks samþykkti á árinu 2015 áttak til smærri fyrirtækja sem fólst í því að fyrirtækjum með heildarfjölda starfsmanna 25 eða færri gafst kostur á þátttöku í Fræðslustjóri að láni, óháð rétti þeirra í sjóðinn. Átakið gekk mjög vel og leiddi til þess að stjórn sjóðsins samþykkti á árinu 2016 að falla frá þeirri reglu að draga kostnað við slík verkefni af rétti fyrirtækis til styrkveitinga hjá sjóðnum.

STJÓRNIR STARFSMENNTASJÓÐA STARFSÁRIÐ 2016 - 2017

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Teitur Lárusson (VR) formaður, Arndís Arnardóttir (SA), Eiður Stefánsson (LÍV), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR), Lísbet Einarsdóttir (SA) sem hætti í maí 2016 og Ólafur Finnbogason (SA).

Varamenn:

Gils Einarsson (LÍV), Guðbjörg S. Jónsdóttir (SA) sem tók sæti Lísbetar, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir (VR) og Hannes Sigurðsson (SA).

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR) formaður, Anna Svava Sverrisdóttir (FA) sem hætti í maí 2016, Bjarndís Lárusdóttir (FA), Selma Kristjánsdóttir (VR/LÍV) og Anna Kristín Krisjánsdóttir (FA) sem tók sæti Önnu.

VR-SKÓLI LÍFSINS

Í byrjun mars 2017 höfðu alls 3.468 nemendur útskrifast úr VR-Skóla lífsins frá því hann var stofnaður í september 2014. Á starfsári stjórnar 2016 – 2017 útskrifaðist 1.271 nemandi. Markmið VR-Skóla lífsins er að undirbúa ungt fólk á aldrinum 16 – 24 ára fyrir vinnumarkaðinn og kynna því réttindi og skyldur í starfi. Menntastofnanir hafa tekið mjög vel í VR-Skóla lífsins og í lok febrúar 2017 höfðu 16 framhaldsskólar ýmist kennt námskeiðið í lífsleikni eða sambærilegum áföngum eða fyrirhuga kennslu. Fjórtán fyrirtæki með 31 starfstöð hafa að auki boðið ungu starfsfólki sínu í VR-Skóla lífsins frá stofnun hans.

FYRIRLESTRAR OG NÁMSKEIÐ

VR bauð upp á 14 hádegisfyrirlestra á starfsárinu sem 626 félagsmenn sóttu. Þá voru haldin tvö almenn námskeið og sóttu þau alls 39 félagsmenn. Einnig var boðið upp á aðstoð við skil skattframtalsins í mars 2017 sem 30 félagsmenn nýttu sér.

Átta námskeið voru haldin sérstaklega fyrir trúnaðarmenn og sóttu þau 286. Auk þess var haldin ráðstefna fyrir trúnaðarráð og trúnaðarmenn í apríl 2016 undir heitinu Komdu á trúno.

Fræðsla fyrir nemendur

VR hefur sl. ár staðið fyrir kynningu á réttindum og skyldum á vinnumarkaði í efsta bekk grunnskóla og í flestum framhaldsskólum á félagssvæði sínu. Alls voru haldnar 58 kynningar fyrir 2.654 nemendur á starfsárinu 2016 – 2017.

ORLOFSMÁL

Á árinu 2016 voru 46 orlofshús og íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 27 orlofshús og eitt hótélherbergi á árinu. Útleigur ársins 2016 voru 3.769 samanborið við 3.715 árið 2015. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

ÁTAK Í FJÖLGUN ORLOFSHÚSA

Á fundi stjórnar VR í október 2016 var samþykkt tillaga stjórnar Orlofssjóðs um að færðar yrðu 500 milljónir króna úr félagssjóði í Orlofssjóð til að fjármagna átak í fjölgun orlofshúsa og íbúða í eigu VR. Í tillögunni felst að fjölga húsum og íbúðum um allt að tuttugu á næstu fimm árum, víðsvegar um landið. Orlofskostum hefur ekki fjölgað í takt við fjölgun félagsmanna og hefur eftirspurn eftir orlofshúsum VR, einkum að sumarlagi, verið langt umfram framboð síðustu ár.

Fyrstu eignirnar voru keyptar í febrúar 2017, þrjár glæsilegar og stórar íbúðir við Skipagötu í miðbæ Akureyrar og tvö orlofshús í orlofshúsabyggðinni Hálöndum sem er skammt frá skiðasvæði Akureyringa. Þá hafa fimm hús verið keypt til viðbótar á starfsári stjórnar 2016 - 2017, þrjú í orlofshúsabyggðinni í Húsafelli og tvö í landi Lækjarbrekku í Grímsnesi.

NÝTT HÚS Í MIÐHÚSASKÓGI

Bygging nýs orlofshúss í orlofshúsabyggð VR í Miðhúsum hófst vorið 2016 og var húsið tekið í notkun í mars 2017. Nýja húsið er umtalsvert stærra en önnur hús VR á svæðinu, eða 118m², og mætir þörfum hreyfihamlaðra samkvæmt algildri hönnun.

ORLOFSHÚS VR 2015 OG 2016

Hér að neðan er tafla yfir nýtingu orlofshúsa VR 2015 - 2016. Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa. Auk húsa í eigu félagsins tók VR á leigu fjölmörg orlofshús sumarið 2016 og endurleigði til félagsmanna.

AFSLÁTTARMIÐAR OG KORT

VR býður félagsmönnum sínum afslátt í flug með Icelandair og WOWair. Á árinu 2016 voru seldir 6.362 afsláttarmiðar sem er 19% aukning frá árinu áður. Þá voru seldir afsláttarmiðar í pakkaferðir með Úrvali Útsýn og Sumarferðum á árinu 2016, alls 57 miðar.

Þá selur VR félagsmönnum sínum einnig veiði-, golf- og útilegukort og voru alls 975 kort seld á árinu 2016. Þá voru seldir 2.055 miðar í Hvalfjarðargöng.

Á árinu 2016 hófst sala á flugmiðum innanlands (til fjögurra áfangastaða) með Flugfélaginu Erinum, seldir voru 402 flugmiðar.

STJÓRN ORLOFSSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2016 – 2017

Sigurður Sigfússon formaður, Bjarni Þór Sigurðsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson.

Varamaður: Benedikt Vilhjálmsson.



Á myndinni er frá vinstri: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson og Sigurður Sigfússon. Á myndina vantar Helgu Ingólfssdóttur og Benedikt Vilhjálmsson.

Nýting orlofshúsa 2015-2016

	Fjöldi gistinátta		Nýting sumar		Nýting vetur*	
	2016	2015	2016	2015	2016	2015
Akureyri (7)	1822	1808	93%	95%	64%	63%
Einarsstaðir (8)	769	801	94%	87%	35%	21%
Flúðir (3)	712	695	95%	93%	55%	55%
Húsafell (3)	617	640	94%	90%	44%	48%
Miðhúsaskógur (25)	4900	4844	93%	89%	42%	37%
Sóltún Reykjavík (2)	627	854	95%	93%	82%	78%
Vestmannaeyjar	276	192	95%	82%	38%	43%
Ölfusborgir	297	283	100%	100%	75%	71%
Önnur hús (21)	2260	2391				
Samtals gistinætur	12.280	12.508				

* Að vetri til er nýting á flestum húsum VR 100% um helgar en minni virka daga.

6.362

Fjöldi afsláttarmiða
seldir á árinu 2016.

Baráttan fyrir sömu launum karla og kvenna innan VR fyrir sömu eða sambærileg störf hefur verið ein af helstu áherslum félagsins undanfarin ár og áratugi. Sú barátta hefur skilað árangri, kynbundinn launamunur innan VR hefur dregist saman um þriðjung frá aldamótum, samkvæmt niðurstöðum árlegrar launakönnunar félagsins. Þróunina má sjá á línuritinu hér að neðan. Hratt dró saman með kynjunum á árunum 2000 til ársins 2009, kynbundinn launamunur var 15,3% aldamótaárið en fór í 10,1% árið 2009. Munar þar miklu á þróuninni milli áruna 2008, þegar kynbundinn launamunur mældist 12,3%, og 2009 þegar hann var 10,1% eins og áður sagði. Munurinn milli þessara tveggja ára einn og sér er ekki marktækur, en munurinn frá aldamótum telst hins vegar marktækur.

Frá árinu 2009 hefur hins vegar ekki orðið marktæk breyting á kynbundnum launamun. Niðurstöður launakönnunar fyrir árið 2017 ligga fyrir í maí.

KVENNAFRÍDAGURINN 2016

Þúsundir kvenna víða um land lögðu niður vinnu kl. 14:38 á kvennafrídegningum, mánudegningum 24. október 2016, og fylktu liði á samstöðufundi sem haldnir voru undir kjörorðunum **Kjarajafnrétti strax!** VR tók virkan þátt í undirbúningi dagsins og hvatti konur í félaginu til að mæta. Kvænnafrídagurinn var fyrst haldinn árið 1976 til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna fyrir þjóðfélagið.



JAFNLAUNAVOTTUN VR

Alls starfa nú um sex þúsund starfsmenn á vinnumarkaði hjá fyrirtækjum eða stofnunum sem fengið hafa Jafnlaunavottun VR frá því hún var fyrst afhent í apríl árið 2013. Alls eru 29 fyrirtæki og stofnanir nú með vottunina, þrjú af þeim fengu afhenda vottun á þessu starfsári stjórnar, Pipar/TBWA sem fékk vottun afhenta í nóvember 2016, CCP sem fékk vottun um miðjan janúar 2017 og Hvíta húsið sem fékk vottun viku síðar.

Fyrirtækin sem hafa vottun eru (í stafrófsröð);

1912, Arion banki, Byggðastofnun, CCP, Deloitte, Endurvinnslan, Ernst & Young, Hvíta húsið, Hýsing vöruhótel, IKEA, ISS, Íslenska gámafélagið, Johan Rönning, KPMG, Kynnisferðir - Reykjavík Excursions, Landmælingar Íslands, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lyfja, N1, Neyðarlínan 112, Parlogis, Pipar-TBWA, Securitas, Sjóvá, SORPA, Tryggingamiðstöðin, VR, Vörður tryggingar og Ölgerðin.

Markmið Jafnlaunavottunar VR er að eyða kynbundnum launamun með því að tryggja að sömu laun séu greidd fyrir sömu og/eða jafnverðmæt störf. Það var ætíð stefna VR að láta verkefnið af hendi þegar komið væri á opinbert ferli við vottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum. Það er nú komið og hefur VR því hætt að taka við nýjum umsóknum um Jafnlaunavottun VR.


KYNJABÓKHALD VR 2016

Hér má sjá helstu lykiltölur í kynjabókhalda VR starfsár stjórnar 2016 - 2017, samtals aðal- og varamenn þar sem það á við.

Kynjabókhalda VR 2016

	KARLAR	KONUR
Stjórn	8	10
Trúnaðarráð, að stjórn meðtalinni	49	61
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs	3	4
Stjórn Orlofssjóðs	4	2
Starfsmenntanefnd	2	5
Laganefnd	2	3

Þróun launamunar kynjanna innan VR



29

Fjöldi fyrirtækja og stofnana með Jafnlaunavottun VR.

ÁLYKTANIR OG FUNDIR, NEFNDIR

ÁLYKTUN STJÓRNAR VR VEGNA UPPLÝSINGA UM ÍSLENSK FÉLÖG Í SKATTASKJÓLUM

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum þann 26. apríl 2016 ályktun í kjölfar mikillar umræðu um nýbirtar upplýsingar um fjölda fyrirtækja og reikninga Íslendinga í löndum sem kölluð eru skattaskjól. Stjórn VR fór þess á leit við stjórnvöld að öll fyrirliggjandi gögn um íslensk félög í skattaskjólum verði rannsökuð af gaumgæfni og almenningur verði jafnframt upplýstur um framgang málsins hverju sinni.

ÁLYKTUN STJÓRNAR VR VEGNA ÚRSKURÐAR KJARARÁÐS UM LAUN RÁÐHERRA, ALÞINGISMANNA OG FORSETA ÍSLANDS

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum þann 1. nóvember 2016 ályktun þar sem þess var krafist að úrskurður kjararáðs frá 29. október 2016, um laun ráðherra, alþingismanna og forseta Íslands, verði tafarlaust dreginn til baka. Í ályktuninni segir að rök ráðsins fyrir hækkun launa þessara hópa dugi ekki til, stjórnvöld verði að ganga á undan með góðu fordæmi og sýna ábyrgð og högværð í launahækkunum.

YFIRLÝSING FORMANNS VR VEGNA UMRÆÐU UM LAUNAKJÖR FRAMKVÆMDASTJÓRA LÍFEYRISJÓÐS VERZLUNARMANNA OG TILMÆLI STJÓRNAR VR

Formaður VR sendi frá sér yfirlýsingu þann 14. júní 2016 vegna umræðu um launakjör og launaþróun framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Í yfirlýsingunni var bent á að launaþróun æðstu stjórnenda fyrirtækja ætti að vera í samræmi við launaþróun á vinnumarkaði, en að svo virtist ekki eiga við um þróun launa framkvæmdastjóra LV. Í yfirlýsingunni segir formaðurinn að hann hafi komið á framfæri við fulltrúa VR í stjórn sjóðsins ósk um að launaþróun framkvæmdastjóra hans verði rædd.

Á fundi stjórnar þann 8. mars 2017 var samþykkt tillaga þar sem ítrekuð voru fyrri tilmæli félagsins um að laun framkvæmdastjóra sjóðsins væru á hverjum tíma ákvörðuð með tilliti til launakjara sambærilegra aðila á vinnumarkaði.

YFIRLÝSING FRÁ LAUNANEFND VR VEGNA UMRÆÐU UM LAUNAKJÖR FORMANNS FÉLAGSINS

Launanevnd VR sendi frá sér yfirlýsingu þann 1. september 2016 vegna athugasemda stjórnarmanns félagsins á launaþróun formanns en hlutverk nefndarinnar er m.a. að ákvarða kjör formanns félagsins. Í yfirlýsingunni var farið yfir forsendur launaákvæðana nefndarinnar.

FUNDIR STARFSÁRIÐ 2016 – 2017

Stjórn VR fundaði alls 12 sinnum á starfsárinu.

Trúnaðarráð VR fundaði tvisvar sinnum á starfsárinu um stöðu kjaramála, í byrjun árs 2017 þegar mat á forsendum kjarasamninga kom til umræðu.

VR-dagurinn var haldinn þann 29. september 2016 en hann hefur undanfarið þrjú ár verið haldinn að hausti til að undirbúa fulltrúa

félagsins á þing Alþýðusambandsins eða þing Landssambands ísl. verzlunarmanna en þau eru haldin sitthvort árið. Árið 2016 var fundurinn til undirbúnings fyrir þing ASÍ sem haldið í október 2016 en það sátu um 80 fulltrúar frá VR.

Tveir **félagshaldir** voru haldnir á starfsári stjórnar. Sá fyrri var haldinn þann 8. september 2016 þar sem greidd voru atkvæði um fulltrúa félagsins á þing ASÍ í október sama ár. Síðari fundurinn var haldinn þann 6. mars 2017 þar sem frambjóðendur til formanns og stjórnar VR fyrir kjörtímabilið 2017 – 2019 kynntu áherslur sínar.

Ársfundur deildar VR á Austurlandi fyrir árið 2016 var haldinn 26. apríl. Kosið var til stjórnar til tveggja ára. Kristín María Björnsdóttir og Eygló Friðriksdóttir voru kosnar sem aðalmenn og Anna Karlsdóttir til vara. Stjórn deildarinnar er skipuð sem hér segir: Kristín María Björnsdóttir formaður, Eygló Friðriksdóttir og Gunnar Heiðberg Gestsson. Varamenn eru Anna Karlsdóttir, Ellen Rós Baldvinsdóttir og Ingunn Kjartansdóttir

Stjórn deildar VR í Vestmannaeyjum er skipuð sem hér segir: Bjarni Danielsson formaður, Ásta Sigrún Gunnarsdóttir og Kristinn Guðmundsson. Varamenn eru Sigurjón Lárússon og Sigríður Stefánsdóttir.

NEFNDIR OG STJÓRNIR STARFSÁRIÐ 2016 - 2017

Í **uppstillinganefnd 2016 - 2017** sátu Ólafía B. Rafnsdóttir sem var formaður, Magnús Þorsteinsson, Ragnar Orri Benediktsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Helga Bryndís Jónsdóttir. Varamenn voru Stefán Viðar Egilsson, Unnur María Pálmadóttir, Gísli Kristján Gunnsteinsson og Eydís Hauksdóttir. Nefndin fundaði tvisvar sinnum á starfsárinu. Hlutverk uppstillinganefndar er að velja frambjóðendur á framboðslista til trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér í samræmi við auglýsingu nefndarinnar en auglýst var 12. janúar 2017. Framboðsfrestur var til 20. janúar 2017. Uppstillinganefnd lagði framboðslista fram á fundi trúnaðarráðs 23. janúar 2017 og var hann samþykktur. Á listanum var 41 fulltrúi.

Í **launanevnd** sátu Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra.

Í **húsnæðisnevnd** sátu Bjarni Þór Sigurðsson sem var formaður, Benóný Valur Jakobsson, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Bigisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson og Ragnar Þór Ingólfsson. Húsnæðisnevnd ber að móta skýra og heildræna stefnu í húsnæðismálum með það að markmiði að bæta kjör félagsmanna.

Í **laganevnd** sátu Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir sem var formaður, Harpa Sævarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Rannveig Sigurðardóttir og Sigurður Sigfússon. Hlutverk laganevndar er að yfirfara og koma með tillögum til breytinga á lögum VR. Auk þess skal nefndin stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi félagsins.

Í **starfsmenntanefnd** sátu Ingibjörg Ósk Birgisdóttir sem var formaður, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Birgir Már Guðmundsson. Hlutverk starfsmenntanefndar



VR er að móta skýra stefnu og verkferla félagsins í starfsmenntamálum með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsmanna.

Í **jafnréttisnefnd** sátu Helga Ingólfssdóttir sem var formaður, Bjarni Þór Sigurðsson, Sigmundur Halldórsson og Svanhildur Þórsteinsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á sviði jafnréttis og mannréttinda á vinnumarkaði til að styrkja stöðu félagsmanna sinna, án allrar aðgreiningar.

Í **kjörstjórn** sátu Magnús Norðdahl sem var formaður, Hjördís Jónsdóttir og Þorsteinn Þórolfsson. Varamenn voru Þóra Skúladóttir, Halldór Oddsson og Jón Hrafn Guðjónsson. Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um fram-kvæmd kosninga í félaginu samkvæmt reglugerð ASÍ.

Í **stjórn Vinnudeilusjóðs** sátu Dóra Magnúsdóttir, Harpa Sævarsdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson. Varamaður var Páll Örn Líndal. Hlutverk sjóðsins er að veita félagsmönnum VR, sem missa atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkanna, fjárhagsaðstoð.

ERLEND SAMSKIPTI

Höfuðborgarráðstefnan 2016 var haldin í Reykjavík 15. – 17. ágúst og sóttu hana 4 fulltrúar VR. Þema ráðstefnunnar þetta árið var fjölbreytileiki á vinnumarkaði og var m.a. kynnt auglýsingaherferð VR um mikilvægi fjölbreytileika. Höfuðborgarráðstefnan er árlegur samstarfsvettvangur stéttarféлага í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlandanna. Ráðstefnan 2017 verður haldin í Noregi.

550 millj.

Framlag í VR varasjóð fyrir árið 2015 var samþykkt á aðalfundi þann 29. mars 2016.

ÖNNUR STARFSEMI

VR VARASJÓÐUR

Á aðalfundi þann 29. mars 2016 var samþykkt tillaga um 550 milljóna króna framlag í VR varasjóð fyrir árið 2015 auk viðbótarframlags að upphæð rúmlega átta milljónir króna vegna ársins 2014. Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2016 námu alls kr. 492.976.529 og fengu 14.248 einstaklingar greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða rúmlega 209 milljónir króna. Árið 2015 námu greiðslur alls kr. 526.807.849 og fengu 14.570 einstaklingar greitt úr sjóðnum það ár.

STARFSEMI ÞJÓNUSTUDEILDAR

Fulltrúar þjónustudeildar VR svara fyrirpurnum um alla helstu þjónustu félagsins, svo sem varasjóð, starfsmenntasjóðina, Sjúkrasjóð, orlofshús og kjaramál. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri VR í Reykjavík á árinu 2016 var 17.057 sem er tæplega 16% fækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi símtala til félagsins var 55.727 eða rúmlega 4.600 símtöl á mánuði. Símtölum fækkaði um tæplega 14% á milli ára. Þá bárust rúmlega 10.500 fyrirspurnir á netfangið vr@vr.is sem er 11% fækkun frá fyrra ári. Þjónustuver VR er starfrækt á skrifstofum félagsins á Akranesi, Egilsstöðum, í Reykjavík og Vestmannaeyjum.

RANNSÓKNIR OG KANNANIR

Fyrirtæki ársins 2016

Fyrirtæki ársins 2016, samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar VR, voru **Johan Rönnung** í hópi fyrirtækja með 50 eða fleiri starfsmenn, **Expectus** í hópi fyrirtækja með 20 – 49 starfsmenn og **Vinnuföt** í hópi fyrirtækja með færri en 20 starfsmenn. Tíu fyrirtæki í hverjum stærðarflokki fengu titilinn **Fyrirmyndarfyrirtæki 2016**. Könnunin var gerð í upphafi árs 2016 og niðurstöður birtar í maí. Í endanlegu úrtaki könnunarinnar voru rúmlega 32 þúsund og var svörun um 37%.

Launakönnun 2016

Heildarlaun félagsmanna í VR hækkuðu um 15,8% frá janúar 2015 til apríl 2016, samkvæmt niðurstöðum launakönnunar félagsins sem birtar voru í september. Grunnlaun hækkuðu um 14,3%. Kjarasamningsbundnar hækkanir á tímabilinu voru 11,8% (m.v. meðalhækkun 5,3% 2015 og 6,2% hækkan 2016). Yfirleitt er launakönnun VR miðuð við stöðuna í janúar ár hvert en í ljósi þess að laun hækkuðu samkvæmt kjarasamningum um 6,2% í janúar 2016 var ákveðið að kanna laun tvisvar á tímabilinu. Launamunur kynjanna breyttist ekki marktækt á milli ára, kynbundinn munur er 10% en munur á heildarlaunum 14,2%.

ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

VR blaðið kom út fjórum sinnum á starfsárinu, þar af var eitt tölublað eingöngu rafrænt. Upplag var tæplega 30 þúsund að meðaltali fyrir hvert prentað tölublað.

Notendur vefsíðu félagsins voru að meðaltali tæplega 30 þúsund á mánuði á árinu 2016, m.v. talningu Google analytics vefmælingarkerfisins. Alls skráðu 19 þúsund félagsmenn sig inn á Mínar síður á vefnum á árinu.

Auglýsingaherferð um mikilvægi fjölbreytileika á íslenskum vinnu-markaði undir heitinu **Fjölbreytni er góð fyrir alla** var hleypt af

stokkunum um miðjan apríl. Þann 19. apríl 2016 stóð VR svo fyrir vel sóttum morgunverðarfundum um málefnið. Í tengslum við átakið setti VR sér fjölbreytnistefnu sem felld var inn í starfsmannastefnu félagsins, sjá bls. 18.

ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA UM KJÖR VEGNA FRAMBOÐA TIL TRÚNAÐARSTARFA

Þann 2. febrúar 2017 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið kjörtímabilið 2017 - 2019; auglýst var eftir einstaklingsframboðum til formanns, sjö sæta í stjórn og þriggja til vara og listaframboðum til trúnaðarráðs.

Til formanns bárust tvo framboð en **til stjórnar** bárust ellefu framboð. Að auki barst eitt framboð til stjórnar eftir að framboðsfresti lauk og var því hafnað sem of seint fram bornu. Atkvæðagreiðslan hófst kl. 9:00 að morgni 7. mars 2017 og lauk kl. 12:00 á hádegi 14. mars. Atkvæði greiddu 5.706 en á kjörskrá voru 33.383. Kosningabáttaka var því 17,09%.

Í kosningum til formanns féllu atkvæði þannig að Ragnar Þór Ingólfsson fékk 3.480 atkvæði eða 62,98% af greiddum atkvæðum þeirra sem tóku afstöðu. Ólafía B. Rafnsdóttir fékk 2.406 atkvæði eða 37,02%. Alls tóku 180 ekki afstöðu til frambjóðenda til formanns.

Kosið var um sjö sæti í stjórn og féllu atkvæði þannig að Ólafur Reimar Gunnarsson fékk 2.161 atkvæði eða 12,02% af greiddum atkvæðum þeirra sem tóku afstöðu, Harpa Sævarsdóttir fékk 2.124 atkvæði eða 11,82%, Birgir Már Guðmundsson fékk 1.943 atkvæði eða 10,81%, Guðrún Björg Gunnarsdóttir fékk 1.863 atkvæði eða 10,36%, Unnur María Pálmadóttir fékk 1.785 atkvæði eða 9,93%, Helga Ingólfssdóttir fékk 1.686 atkvæði eða 9,38%, Elizabeth Ann Courtney fékk 1.530 atkvæði eða 8,51%, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir fékk 1.462 atkvæði eða 8,13%, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir fékk 1.251 atkvæði eða 6,96%, Rannveig Sigurðardóttir fékk 1.155 atkvæði eða 6,42% og K. Svava Einarsdóttir fékk 1.017 atkvæði eða 5,66%. Alls tóku 1.533 ekki afstöðu til frambjóðenda til stjórnar.

Til formanns hlaut Ragnar Þór Ingólfsson kosningu til tveggja ára.

Til stjórnar hlutu eftirtaldir kosningu til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

